



## Minnisblað

**Efni: Opnun tilboða í ræstingu í skólahúsnaði Tónlistarskólans á Tröllaskaga, Siglufirði.**

Málsnr.: 2110061

Dags.: 19. október 2021

Unnið af: RS

Fjallabyggð auglýsti útboð í ræstingu fyrir skólahúsnaði TÁT, Siglufirði þann 6. október sl.. Frestur til að skila inn tilboði var mánudagur 18. október kl. 13:00 og voru tilboð þá opnuð að viðstöddum bjóðendum sem vildu.

Þrjú tilboð bárust:

**Guðrún Björg Elínardóttir** kr. 5.576.250,-

**Minný ehf:** kr. 6.912.200,-

**Spikk&Span ehf.** Kr. 5.450.805,-

Viðstaddir opnun tilboða voru:

Sigurbjörn Ragnar Antonsson

Ármann Sigurðsson

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

Samkvæmt 25. gr. innkaupareglna Fjallabyggðar dagsettum 15.11.2018 er óheimilt að gera samning við bjóðanda sem eftirfarandi á við:

1. Sætir nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum.
2. Er í vanskilum með opinber gjöld.
3. Er í vanskilum með iðgjöld til lífeyrissjóðs.
4. Á í málaferlum við Fjallabyggð eða fyrirtæki eða stofnun á vegum sveitarfélagsins vegna vanefnda af hálfu annars hvors samningsaðila, í tengslum við áður gerða samninga um verk-, þjónustu- eða vörukaup.

Samkvæmt 68. gr. laga um opinber innkaup er heimilt að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í útboðum. Einnig er skv. sömu grein heimilt að kanna viðskiptasögu bjóðanda og eiganda. Leiði sú könnun í ljós að bjóðandi eða eigandi hans hafi lent í greiðslu- eða gjaldþroti sl. fimm ár (gjaldþrot, nauðasamninga, greiðslustöðvun o.fl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi

í hlut sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, en með nýja kennitölu.

Samkvæmt 71. grein laga um opinber innkaup nr. 120/2016 skal fjárhagsstaða fyrirtækis vera það trygg að það geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda. Í því skyni er kaupanda heimilt að krefjast þess að fyrirtæki hafi tiltekna lágmarksveltu á ári, þ.m.t. tiltekna lágmarksveltu á því sviði sem samningur fellur undir. Jafnframt má kaupandi krefjast ársreiknings fyrirtækis sem sýnir t.d. hlutfall milli eigna og skulda. Kaupanda er einnig heimilt að krefjast starfsábyrgðartryggingar.

**Í ljósi ofangreinds óskaði undirrituð eftir frekari gögnum frá Spikk&Span ehf. og Guðrúnu Björg Elínardóttur og gaf frest til 22. október nk:**

- a) Búsforræðisvottorði, þar sem fram kemur að bjóðandi er ekki í gjaldþrotaskiptameðferð hjá héraðsdómstólunum.
- b) Staðfestingu á að bjóðandi sé í ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- c) Staðfestingu á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með iðgjöld til lífeyrissjóða.
- d) Ársreikninga bjóðanda a.m.k. síðustu 3ja ára.

Gögn hafa borist frá báðum aðilum og teljast þau fullnægjandi.

Deildarstjóri leggur því til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Spikk&Span ehf.

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.